

Tillaga skrifstofu borgarstjórnar um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar er til samræmis við þá ábendingu í skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar að í fundargerðum megi oft finna langar bókanir sem varla megi túlka öðruvísi en að um sé að ræða skriflegan málflutning um afstöðu borgarfulltrúa frekar en stutta athugasemd um afstöðu þeirra. Að mati úttektarnefndarinnar varð ekki annað séð en að fundarmenn og þeir sem annist ritun fundargerða fylgi í þessu efni ekki lögum og öðrum reglum um bókanir í fundargerðum. Tillagan miðar að því að setja viðmið um hámarkslengd bókana upp á 200 orð, að jafnaði. Ekki er gerð efnisleg athugasemd við þessa nálgun enda er eðlilegt er að viðhafa nokkurt svigrúm í stað þess að festa niður ófrávíkjanlega hámarkslengd. Mikilvægt er þó að huga að því hvernig leyst er úr ágreiningi sem upp kann að koma um hvort tilteknar bókanir uppfylli samþykkt.